

### Þingsályktun

#### um staðfestingu þriggja samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum sem gerðir voru í Ósló 6. maí 1996:

1. Bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi.
2. Samning milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu og lögsögu Jan Mayen á árinu 1996.
3. Samning milli Íslands og Rússlands um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu á árinu 1996.

*Samþykkt á Alþingi 3. júní 1996.*

